

# LÖG

**um breytingu á lögum nr. 99/1999,  
um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi,  
með síðari breytingum.**

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:*

1. gr.

5. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

*Gjaldskyldir aðilar, álagningarástofn og álagt gjald.*

Eftirtaldir eftirlitsskyldir aðilar skulu greiða eftirlitsgjald af álagningarástofni í þeim hlutföllum og stærðum sem hér segir:

1. Viðskiptabankar, sparisjóðir og lánastofnanir aðrar en viðskiptabankar og sparisjóðir skulu greiða 0,0108% af eignum samtals, þó eigi lægri fjárhæð en 400.000 kr.
2. Vátryggingafélög skulu greiða 0,25355% af bókfærðum frumtryggingaiðgjöldum og 0,0521% af bókfærðum fengnum endurtryggingaiðgjöldum, þó eigi lægri fjárhæð en 400.000 kr. Vegna söfnunarlíftrygginga greiðist þó eftirlitsgjald sem nemur 0,00658% af nettómismun iðgjaldaskuldar að frádregnum hluta endurtryggingjenda í iðgjaldaskuldinni.
3. Félög eða einstaklingar sem stunda vátryggingamiðlun skulu greiða 0,09% af því iðgjaldamagni sem miðlað er á næstliðnu ári, þó eigi lægri fjárhæð en 150.000 kr.
4. Fyrirtæki í verðbréfahjónustu skulu greiða 0,0885% af eignum samtals, þó aldrei lægri fjárhæð en 250.000 kr. Verðbréfasjóðir skulu greiða 0,01068% af eignum samtals, þó aldrei lægri fjárhæð en 250.000 kr. Rekstrarfélög verðbréfasjóða skulu greiða 0,08593% af eignum samtals, þó aldrei lægri fjárhæð en 150.000 kr.
5. Kauphallir og aðrir skipulegir tilboðsmarkaðir skulu greiða 0,5% af rekstrartekjum, þó aldrei lægri fjárhæð en 250.000 kr.
6. Lífeyrissjóðir skulu samtals greiða 0,00648% af hreinni eign til greiðslu lífeyris. Greiða skal eftirlitsgjaldið sem 150.000 kr. fastagjald vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris undir einum milljarði króna, 300.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris frá einum til tíu milljarða króna og 600.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris þar yfir. Það sem þá er ógreitt af eftirlitsgjaldi skv. 1. málsl. greiðist í hlutfalli við fjölda virkra sjóðfélaga.
7. Verðbréfamíðstöðvar skulu greiða 0,76297% af rekstrartekjum, þó eigi lægri fjárhæð en 250.000 kr.
8. Innlánsdeildir samvinnufélaga skulu greiða fastagjald sem nemur 250.000 kr. Póstgíróstofa Íslandspósts hf. skal greiða fastagjald sem nemur 150.000 kr.
9. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins skal greiða 0,0101% af eignum samtals, þó eigi lægri fjárhæð en 400.000 kr. Húsbréfadeild Íbúðaláanasjóðs skal greiða 0,0004% af eignum samtals, þó eigi lægri fjárhæð en 400.000 kr.
10. Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta og öryggissjóðir samkvæmt lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta skulu greiða fastagjald sem nemur 150.000 kr.

Nr. 157

19. desember 2002

Útibú erlendra eftirlitsskyldra aðila sem fengið hafa starfsleyfi hér á landi skulu greiða eftirlitsgjald samkvæmt viðeigandi tölulið 1. mgr.

Þrátt fyrir 1. mgr. skal eftirlitsskyldur aðili, sem er að minnsta kosti að  $\frac{1}{10}$  hlutum í eigu annars eftirlitsskylds aðila, greiða  $\frac{1}{5}$  hluta eftirlitsgjalds samkvæmt viðeigandi tölulið 1. mgr., enda hafi móðurfélagið heimild til sömu starfsemi og dótturfélagið. Ákvæði þetta á þó ekki við um lágmarksgjald skv. 1. mgr.

Eftirlitsgjald skal reiknast í heilum þúsundum króna. Við álagningu skal jafnframt færa álagningarstofna í þúsundir króna.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003.

*Gjört á Bessastöðum, 19. desember 2002.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

*Valgerður Sverrisdóttir.*